

Hreppsnefnd Skorradalshrepps Fundur nr. 213

Miðvikudaginn 17. september 2025 kl.20:00, hélt hreppsnefnd Skorradalshrepps fund á Hvanneyri. Þessir sátu fundinn: Pétur Davíðsson, Jón E. Einarsson, Guðný Elíasdóttir, Óli Rúnar Ástþórsson og Kristín Jónsdóttir.

Fundargerð ritaði: Pétur Davíðsson, hreppsnefndarmaður.

Þetta gerðist:

Almenn mál

1. Erindi frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands - Mál nr. 2509009

Lagt fram erindi vegna:

Áhrif 16. gr. laga nr. 55/1992 ef byggingar eru reistar á svæðum sem fyrir fram er vitað að eru sérlega næm fyrir náttúruhamförum sem eru bótaskyldar hjá NTÍ.

Vísað til skipulagsnefndar.

2. Umsókn um styrk. - Mál nr. 2509008

Lögð fram styrkumsókn frá Freyjukórnum vegna jólatónleika í nóvember 2025 og afmælisfögnuðar 2026. Kostnaðaráætlun vegna þessara verkefna er 500.000kr.

Samþykkt að veita Freyjukórnum kr. 50.000 í styrk.

3. Áform um breytingu á fyrirkomulagi Heilbrigðieftirlits í samráðsgátt stjórnvalda. - Mál nr. 2509011

Óskað er eftir því að sveitarfélög skili inn athugasemdum um málið í samráðsgátt.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindi Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.

4. Áform um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum, mál í Samráðsgátt stjórnvalda - Mál nr. 2509013

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið kynnir til samráðs áform um breytingar á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum.

Umræður urðu um málið, oddvita falið að senda inn umsögn í samráðsgátt stjórnvalda.

5. Fjárhagsstaða sveitarfélagsins - Mál nr. 2208002

Farið yfir fjárshagsstöðu sveitarfélagsins.

PD lagði fram yfirlit.

6. Fjárhagsáætlun 2025 - Mál nr. 2409004

Lagður fram viðauki nr. 2 við Fjárhagsáætlun fyrir árið 2025.

Viðaukinn felur í sér eftirfarandi:

Í málaflokknum Skatttekjur aukast tekjur um kr. 8.000.000

Í málaflokknum Skipulags- og byggingarmál aukast tekjur af byggingaleyfisgjöldum um kr. 1.000.000

Í málaflokknum Vatnsveita, er sett inn heimild til kostnaðar um kr. 5.000.000

Einnig felur viðaukinn í sér heimild að greiða upp langtímalán og lækka handbært fé um kr. 24.000.000

Í málaflokknum Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld að vaxtagjöld lækka um kr. 634.000.

Hreppsnefnd samþykkir framlagðann viðauka nr. 2.

7. Erindi frá oddviti - Mál nr. 2209014

Á síðasta hreppsnefndarfundum nr. 212 var JEE og PD falið að vinna áfram tillögu að greiða upp lán sveitarfélagsins sem er í Arion banka.

Oddviti leggur til að greiddur verði 14.000.000 í afborgun af láninu ásamt vöxtum. Afgangurinn af láninu greiddur síðar.

8. Haustþing SSV. - Mál nr. 2509010

Fulltrúar sveitarfélagsins á Haustþing SSV 24.september nk.

Samþykkt að PD verði fulltrúi og JEE verði varafulltrúi á Haustþing SSV.

9. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2025 - Mál nr. 2509014

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður haldin á Hilton Reykjavík Nordica 2.-3. október 2025

Samþykkt að 1-2 fulltrúar fari á ráðstefnuna.

Fundargerðir til kynningar

10. Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 2025 - Mál nr. 2502011

Lögð fram fundargerð nr. 983.

Lögð fram til kynningar

PD lagði fram eftirfarandi bókun í lok fundar.

"Fyrir meira en mánuði síðan lagði ég fram 2 bókanir um að ég óskaði eftir gögnum er varðaði tillögu sameiginlegrar kjörstjórnar um sameiningarkosningar og eins

gögn er varðar samstarfsnefnd Borgarbyggðar og Skorradalshrepps. Voru þessar beiðnir gerðar með vísun til 21. greinar samþykktar um stjórnar sveitarfélagsins Skorradalshrepps og í einnig með vísun í Upplýsingalög nr. 140/2012 um afhendingu gagna, en þar er gefinn sjö daga frestur um að afhenda gögn. Sjá fundargerð sveitarstjórnar Skorradalshrepps frá 13. ágúst s.l.

Á fundi hreppsnefndar Skorradalshrepps viku seinna, þann 20. ágúst s.l. ítrekaði ég að engin gögn hefðu ennþá borist þrátt fyrir að 7 dagarnir væru að líða og jafnframt óskaði ég eftir að lögð verði fram kostnaðaráætlun vegna sameiningarkosninga og hún yrði lögð fram á næsta fundi hreppsnefndar. Ekki hafði borist nein beiðni, frá aðilum sem áttu að taka saman gögnin, um lengri frest en sjö daganna.

Á fundi hreppsnefndar Skorradalshrepps þann 4. september s.l. var lagður fram tölvupóstur frá sviðsstjóra Fjármála- og stjórnsýslusviðs Borgarbyggðar um að það væri verið að vinna í beiðnunum og svör myndu berast jafnskjótt og hver og einn aðili hefur tekið saman þau gögn sem beiðnirnar ná til um. Engin ósk kom þó fram um að óska eftir lengri fresti en þessir sjö dagar sem Upplýsingalög kveða á um.

Í dag er 17. september og engin gögn lágu fyrir hreppsnefndarfund sem er núna að klárast og liðnir 35 dagar síðan að gagnabeiðninnar voru lagðar fram. Í ljósi þess og á grundvelli 4 mgr. 9 gr. Stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og eins 3. mgr. 17 gr. Upplýsingalaga nr. 140/2012 mun ég óska eftir umsögn Úrskurðarnefndar um Upplýsingamál um þennan óhæfilega drátt á afgreiðslu málanna og gagnaafhendingu.

Pétur Davíðsson"

Fleira ekki gert.
Fundir slitið kl. 23:00.

Pétur Davíðsson

Jón E. Einarsson

Guðný Elíasdóttir

Óli Rúnar Ástþórsson

Kristín Jónsdóttir